

## Minnisblað um áherslur BSRB vegna 4. bylgju COVID-19

Dags: 5. ágúst 2021

---

Mikil óvissa ríkir um áhrif nýrrar bylgju Covid-19 faraldursins. Erfitt er á þessum tímapunkti að meta áhrif hennar á atvinnulífið en álag á heilbrigðiskerfið og önnur mikilvæg kerfi almannþjónustunnar hefur aukist. Almannaþjónustunir, Landspítali, heilsugæslan, sjúkraflutningar, velferðarþjónusta við aldraða, fatlað fólk og sjúka er enn eina ferðina komin á hættustig með auknu álagi vegna smita eða smithættu. Við það bætist að sumarfrí starfsfólks standa yfir, starfsfólks sem hefur verið undir miklu álagi sl. 18 mánuði.

Margt af því fólk sem starfar á þessum vettvangi er framlínustarfsfólk sem á í nánum samskiptum við skjólstæðinga sína og er því í aukinni smithættu. Framlínustarfsfólkið ber ábyrgð á því að sinna fólk sem sýkst hefur af Covid-19 og vernda fólk sem er í viðkvæmri stöðu fyrir smitum. Framlínustarfsfólk er því undir miklu vinnuálagi og útsettara fyrir smiti en almennt gengur og gerist. Mikilvægt er að hafa í huga að jafnvel heilsuhraustasta fólk sem fær væg einkenni við sýkingu getur átt við alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar að stríða um langa hríð og enn vitum við ekki hver raunveruleg áhrif af sjúkdómnum eru til lengri tíma.

BSRB leggur því ríka áherslu á að áfram verði áherslan á líf og heilsu í fyrirrúmi við ákvarðanir um sóttvarnaraðgerðir nú. Beita þarf aðgerðum sem taka mið af bestu sérfræðiþekkingu hverju sinni og mikilvægt er að skapa samstöðu um þær svo sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda verði ekki pólitískt bitbein í aðdraganda Alþingiskosninga.

### Heilbrigðiskerfið verði styrkt

Undanfarna 18 mánuði hefur verið mikið álag á almannþjónustunni. Starfsfólk hefur tekið að sér aukin, flóknari og breytt verkefni sem hafa krafist mikils af þeim. Bregðast verður strax við gríðarlegu álagi á heilbrigðiskerfið, sem er nú komið yfir þolmörk, með auknum fjárveitingum svo hægt sé að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks og halda uppi viðunandi þjónustustigi.

### Viðurkenning á framlagi framlínufólks

Viðurkenning stjórnvalda á mikilvægu framlagi framlínustarfsfólks sem er í nánum samskiptum við fólk í störfum sínum er nauðsynleg. Mikill fjöldi launafólks hefur lagt sitt af mörkum til að vernda heilsu og líf, veita velferðarþjónustu og halda skólakerfinu gangandi. Langvarandi álag hefur verið á fólk í þessum störfum og hefur það lagt heilsu sína í hættu og þurft að sæta ýmsum takmörkunum umfram aðra í samfélaginu vegna náinna samskipta við viðkvæma hópa í störfum sínum. Mjög mikilvægt er að fólk í þessum störfum finni fyrir hvatningu og stuðningi frá stjórnvöldum bæði í orði og borði. BSRB vill að framlínustarfsfólki verði veitt fjárhagsleg viðurkenning fyrir framlag sitt til samfélagsins í störfum sínum með sérstökum álagsgreiðslum sem ákvarðaðar verði í samráði við stéttarfélagin.

### Heilbrigði framlínufólks

Skima verður fyrir sjúklegri þreytu og kulnun hjá starfsfólki í framlínustörfum. Alþjóðastofnanir hafa bent á að næsti faraldur verði faraldur kulnunar þeirra sem hafa verið undir hvað mestu



álagi vegna faraldursins. Þeirra á meðal eru framlínustarfsfólk hins opinbera sem hefur nú í 18 mánuði borið hitann og þungann af faraldrinum í störfum sínum. Mikilvægt er að grípa sem fyrst í taumana ef geðheilbrigði starfsfólks fer hrakandi. Það skiptir meginmáli fyrir lífsgæði og líf skjör einstaklinganna og kemur í veg fyrir langvarandi fjárhagslegar samfélagslegar byrðar og tap á mikilvægri sérfræðipekkingu.